



FJÖRÐUR

Lifandi laugardagur

2.DES

BARRI ÍSBJÖRN MÆTIR TIL OKKAR KL 13 OG ÞAR Á EFTIR HEILSAR ÍPRÓTTAÁLFURINN UPP Á OKKUR KL 14. VÖRUKYNNINGAR, GÖTUMARKAÐUR OG ALLSKONAR FALLEGAR VÖRUR Í VERSLUNUM FJARÐAR.

KLÁRAÐU JÓLAGJAFAINNKAUPIN Í HJARTA HAFNARFJARÐAR

f FJORDUR @FJORDUR.IS

GARÐAPÓSTURINN

Bæjarblað Garðbæinga frá 1989

Apótek
Garðabæjar

Opið 9-18:30 virka daga
Opið 10-16 á laugardögum

Sími 577 5010

Litlatúni 3 · 210 Gbæ



Arion banki

Frétta- og auglýsingasími 697-4020 - valdimar@gp.is - Vefsíða Garðapóstsins KGP.IS

37. tölublað 34. árgangur. Fimmtudagur 30. nóvember 2023

Krambúðin Garðabæ

Opið til kl. 23:30 alla daga



Nýjar íbúðir
komnar í sölu!
Eskiás 3, Garðabæ



Bókið skoðun

898 6106

KRAFTUR – TRAUST
– ÁRANGUR



TORG
fasteignasala



FLATEY

PIZZA NAPOLETANA

Garðatorgi 6. S. 568 2666

Lyfjaval

HEILSA & HÁMNGJA

24/7
OPIÐ

Bílaapótek Lyfjaval
Hæðasmára

Á morgun verður leikið um montréttinn í Garðabæ!



Lognið á undan storminum! Þjálfarar liðanna, Kjartan Atli og Arnar í Ásgarði

Það er alvöru nágrennaslagur í Umhyggjuhöllinni í Ásgarði á morgun, föstudaginn 1. desember, er Stjarnan tekur á móti Álfanesi í Subway-deildinni í körfuknattleik kl. 19:15, en liðin hafa aldrei áður mæst í efstu deildinni í körfuknattleik.

Það má reikna með hörkuleik á milli þessara liða enda hafa þau staðið sig vel í Subway-deildinni sem af er vetri og deila 2.-8. sæti með nokkrum liðum en deildin hefur verið óvenjujöfn í vetur og því skiptir hver leikur máli. Stigin tvö eru því mikilvæg fyrir liðin, en ekki má gleyma að leikurinn snýst líka um montréttinn í Garðabæ, tímabundið í það minnsta (Sjá viðtal við þjálfarana á bls. 18).

KOMINNTÍMA
SKOÐUN?



Verið velkominn með bílinn í skoðun, þið finnið næstu skoðunarstöð á frumherji.is



HAFID
FISKVERSLUN



Jólavörur Hafsins eru komnar í verslanir okkar.
Hafid.is

YUZU HEFUR OPNAÐ Í LITLATÚNI, GARÐABÆ

“SUMIR SEGJA BESTI HAMBORGARI Í HEIMI”

MEIRA HOLLT

LEMON

HAGKAUP GARÐABÆ

30%
AFSLÁTTUR
MEÐ VILDARKORTI
LINDAR



hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



LIND
FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Beta bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flügger: 30% afsláttur af allri innimálingu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum boróplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsöllum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Huggulegt jólabókaspjall á Bókasafni Garðabæjar



Einvala lið rithöfund mættu á Bókasafni Garðabæjar sl. fimmtudag

Hið árlega jólabókaspjall Bókasafns Garðabæjar fór fram fimmtudaginn 23. nóvember síðastliðinn.

Þar kom fram einvala lið höfunda sem eru að gefa út spennandi bækur í yfirstandandi jólabókafliði. Það voru þau Tómas R. Einarsson, með endurminningabóka Gangandi bassi, Vilborg Davíðsdóttir, með sögulegu skáldsögunu Land

næturinnar, Þórdís Gísladóttir, með smásagnasafnið Aksturslag innfæðra og Skúli Sigurðsson, með spennusögunu Maðurinn frá São Paulo, sem lásu úr verkum sínum og Brynhildur Björnsdóttir stjórnaði spjallinu.

Höfundar og gestir áttu saman virkilega huggulega stund á bókasafninu.



FRÍMANN & HÁLFDÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA



Frímann
897 2468



Hálfán
898 5765



Ólöf
898 3075



Kristín
699 0512

Stapahrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is



Vefmiðill Garðapóstsins kgp.is
[Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://www.facebook.com/Gardaposturinn.is)
[Instagram.com/Gardaposturinn](https://www.instagram.com/Gardaposturinn)

Aðventuhátíð með notalegri stemmningu á Garðatorgi

Á laugardaginn 2. desember eru Garðabæingar hvattir til að fagna komu aðventunnar saman en á Garðatorgi verður fjöldi ókeypis viðburða í boð og aðventu- og popupmarkaður á torginu.

Ljósín tendruð

Að sögn Ólafar Breiðfjörð menningarfulltrúa Garðabæjar hefur ný hefð skapast þegar kveikt er á ljósum jólatrésins sá Garðatorgi en þá koma leikskólabörn saman til að syngja og dansa í kringum stóra jólatréð ásamt jólasveinum og bæjarstjóra. „Börnunum hefur líkað vel að eiga þessa stund í rólegheitum og alltaf tilhlökkun að taka á móti allt að 300 leikskólabörnum, að þessu sinni föstudaginn 1. desember,” segir hún.

Upphafi aðventu er fagnað með fjölbreyttri dagskrá svo sem flutningi á jólalögum á notalegum stofutónleikum á Garðatorgi 4 en á torginu fer einnig fram aðventu- og popup-markaður þar sem handverk og glæðavörur eru seldar. „Á svona degi er nauðsynlegt að bjóða uppá skapandi smíðjur fyrir fjölskyldur enda jafnast fátt við að búa til fallegt jólaskraut saman,” segir Ólöf menningarfulltrúi.



Frá aðventuhátíðinni í fyrra

„Í Hönnunarsafninu verða gerð snjóhorn sem munu án efa sóma sér vel á jólatrénu eða á pakkana en sú smíðja hefst kl. 13. Á sama tíma eða frá 13-15 verður svo hægt að fönndra á Bókasafni Garðabæjar og allt efni til staðar svo allir ættu að komast að til að gera eitthvað fallegt,” bætir Ólöf við.

Jólasveinar verða á sveimi en þeir stýra svo jólaballi sem fer fram á Garðatorgi 7 en ballið hefst með söng Barnakórs Vídalínskirkju klukkan 14:30. Leikhópurinn Lotta verður svo með jólasöngvasyrpu á Bókasafninu klukkan 15 en dagskránni

ljúkur með Blásarasveit Tónistarskóla Garðabæjar klukkan 15:30 en þau munu leika við stóra jólatréð.

Samvera fjölskyldunnar á aðventunni

„Það er svo dýrmætt að geta notið aðventunnar í faðmi fjölskyldunnar. Það er von okkar að hún byrji á ljúfum nótum með huggulegheitum á Garðatorgi þar sem einnig er hægt að kaupa jólagjafir í rólegheitum enda frábærar verlanir á staðnum,” segir Ólöf að lokum.

Vindhani við Besstaðakirkju

Viðgerð er nú lokið á turni Bessa- staðakirkju sem felst í að á hann er settur nýr vindhani líkur þeim sem þar var áður.

Í ár eru liðin 200 ár frá því að byggingu kirkjuturnsins lauk og var þá settur á hann vindhani með merki Danakonungs. Nokkrum árum eftir stofnun lýðveldisins var vindhaninn fjarlægður og settur kross í hans stað en árið 1998 var krossinn tekinn niður vegna þess að til stóð að setja þar vindhana sem nú er loksins kominn á sinn stað, þó án kórónu Danakonungs.

Vindhani hefur sérstakt gildi í kristinni trú

Auk þess að sýna úr hvaða átt vindur blæs hefur vindhani sérstakt gildi í kristinni trú. Þar er haninn tákn árvekni og skyldurækni og minnir auk þess á það þegar Pétur postuli afneitaði Jesú þrisvar en þá gól þar hani. A nýja vindhananum er útskorið byggingarár kirkjunnar, 1823, sem vísar til þess að þá lauk byggingu turnsins þó að kirkjan hafi reyndar verið vígð og tekin í notkun nokkru fyrr eða árið 1796.

Hr. Guðni TH forseti fylgdist með þegar vindhananum var komið fyrir



Jólaskógur í Smalaholti laugardaginn 9. des. kl. 11:30-15

Það er fátt jólalegra en að þramma um fallegan skóginn í leit að hinu eina sanna jólatré. Fjölskyldan heggur svo tréð og sjálfbodaliðar Skógræktarfélagsins pakka því í net. Í Smalaholti er gott bílastæði, göngustígar um skóginn og útiborð til áningar. Bodið verður upp á kakó og piparkökur í skógarrrjóðri við hlýjan varðeld.

Í skóginum eru bæði fallegar furur og greni, en sama verð er á öllum jólatrjáum óháð stærð, kr. 8.000. Upplögð fjölskyldustund í aðventunni.

Skógræktarfélagið ræktar íslenskt tré án eiturúðunar og hefur þann kost umfram erlend tré að ekki fylgja með laumufarþegar erlendis frá sem geta skaðað íslenska flóru. Jólaskógurinn gegnir einnig hlutverki við grísjun skógarins en félagið gróðursetur mörg hundruð tré í stað þeirra sem felld eru. Þannig er lagður grunnur að jólaskógi framtíðarinnar.

Aðkoma að skóginum í Smalaholti er frá Elliðavatnsvegi norðan við Vífilstaðavatn.

Verið hjartanlega velkomin.



MENNING Í GARÐABÆ

DAGSKRÁ DESEMBER

AÐVENTUHÁTÍÐ GARÐABÆJAR

Laugardagur 2. desember
kl. 13–16 á Garðatorgi
Aðventumarkaður + stofutónleikar í
garðskálanum + jólasveinar + skapandi
smiðjur í Hönnunarsafninu og á
Bókasafninu + Barnakór Vídalínskirkju
+ jólaball + Leikhópurinn Lotta +
Blásarasveit Tónlistarskóla Garðabæjar.

Nánar á www.gardabaer.is

Föstudagur 15. desember
kl. 19.30 í Vídalínskirkju

AÐVENTUTÓNLEIKAR TIL
STYRKTAR LANDSBJÖRGU
Diddú og Dísella, Ellen Kristjáns og
dætur, Gunnar Guðbjörnsson og Bjarni
Thor Kristinsson, Páll Óskar og Monika
flytja jólalög. Tónleikarnir eru í boði
þýska sendiráðsins í samstarfi við
Garðabæ og Vídalínskirkju. Aðgangur
ókeypis en tekið á móti frjálsum
framlögum.

AFTUR TIL HOFSTAÐA OG MINJAGARÐURINN Á HÖFSSTÖÐUM

Garðatorgi 7 og við Kirkjulund

Margmiðlunarsýningin Aftur til Hofsstaða
sem spannar sögu Garðabæjar frá upphafi
landnáms til okkar daga. Sýningin er hönnuð
af Gagarín og tengist fornleifarannsóknunum
á Hofsstöðum við Kirkjulund en hægt er að
skyggjast inn í fortíðina í Minjagarðinum í
gegnum sjónauka.

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

Sýningar

3. febrúar 2023–1. mars 2026
HÖNNUNARSAFNIÐ
SEM HEIMILI

Sýning á gripum úr safneign safnsins
sem sett er upp sem grunnmynd af
heimili og rétt eins og á heimilum fólks
eru hlutir fengnir héðan og þaðan. Eðli
málsins samkvæmt er fjölbreytileikinn
allsráðandi.

Vinnustofa

22. september–30. desember
LILÝ ERLA
Textillistakonan mun vinna að vegg-
teikningum en Lilý Erla vinnur á mörkum
myndlistar og hönnunar.

Pallurinn

6. október–30. desember
DOLINDA TANNER
(1923–1967)

Dolinda var svissnesk listakona sem
starfaði hjá Laugarnesleir frá 1949–1952.
Verkin á sýningunni eru fengin að láni
hjá fjölskyldu hennar í tilefni að 100 ár eru
liðin frá fæðingu hennar.

Safnið á röngunni

6. október–30. desember
LOTHAR GRUND –
SKRÁNING Á TEIKNINGUM
Teikningar sem safninu voru færðar til
varðveislu verða skráðar fyrir opnum
tjöldum af sérfræðingi safneignar.

Viðburðir

Laugardagur 2. desember
kl. 13–15
SNJÓKORNASMIÐJA
Snjókorn sem verða að skrauti á jólatré
eða pakka búin til, smiðjan er liður í
Aðventuhátíð Garðabæjar sem fer fram
um allt Garðatorg þennan dag.

Sunnudagur 10. desember
kl. 13–15
JÓLAKORTASKRIF
OG NOTALEGHEIT
Gefum okkur tíma, sötrum kakó og
hlustum á jólatónlist um leið og jóla-
kortaskrifin eiga sér stað í Smiðjunni.

Laugardagur 30. desember
kl. 13–15
ÁRAMÓTAHATTAR MEÐ
HATTAGERÐARMEISTURUM
Anna Gulla og Harper leiða smiðjuna en
hattarnir verða gerðir úr pappír og allt efni
á staðnum.

BÓKASAFN GARÐABÆJAR

Viðburðir

Allir fimmtudagar
kl. 13–18 í Urriðaholtssafni
Safnið opið almenningi, fjölskyldur koma
saman og lesa, spjalla, fönndra og leika.

Laugardagur 2. desember
kl. 13–15
JÓLAFÖNDURSMIÐJA
Jólafondursmiðja sem er liður í
Aðventuhátíð Garðabæjar.

kl. 15
LEIKHÓPURINN LOTTA
Leikhópurinn Lotta flytur
jólasöngvasyrpu á Aðventuhátíð
Garðabæjar.

Miðvikudagur 6. desember
kl. 10.30
Prjónað og hlustað á jólasögu.

Laugardagur 16. desember
kl. 12
Barnabókahöfundurinn Yrsa Pöll
Gylfadóttir les úr bókinni *Bekkurinn minn*.

kl. 12.30
Jólaleikritið Nátttröllíð Yrsa flutt.

Mánudagur 18. desember
kl. 17.30
BÓKASAFN GARÐABÆJAR
55 ÁRA
Rithöfundarnir Bjarni Bjarnason og
Unnur Lilja Aradóttir lesa úr nýút-
komnum bókum sínum og Garðakórinn,
kór eldri borgara í Garðabæ syngur
nokkur lög í tilefni dagsins.

TÓNLISTAR- NÆRING

Tónleikar

Miðvikudaginn 6. desember
kl. 12.15 Tónlistarskóli Garðabæjar
HERDÍS ANNA
JÓNASDÓTTIR sópran
& BJARNI FRÍMANN píanó
flytja létt og ljúf jólalög.

Ókeypis tónleikar á vegum menningar- og safnanefndar
Garðabæjar í samstarfi við Tónlistarskóla Garðabæjar



Heildardagskráin er aðgengileg á Hönnunarsafni
Íslands og Bókasafni Garðabæjar sem og
þjónustuveri Garðabæjar. Þá má sjá rafræna
dagskrá á vef Garðabæjar undir Mannlíf.

GARÐAPÓSTURINN

Útgefandi: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Sími: 697 4020 Netfang: valdimar@gp.is Vefsíða: kgp.is
Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Garðapósturinn næst 7. desember

Síðasti skiladagur föstudaginn 1. desember
valdimar@gp.is - Sími 697 4020

Garðapósturinn með bæjarbúum frá 1989

Vefsíða Garðapóstsins er: kgp.is

Fylgdu Garðapóstinum á: Facebook, Twitter og Instagram



Útfararstofa Íslands

www.utforin.is • Garðabæ

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455



Útfararstofa Hafnarfjarðar

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



Stjarnan og Öspín sameinast

Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir leikmaður Stjörnunnar er yfirþjálfari í knattspyrnu hjá Öspinni/Stjörnuni þar sem hún þjálfar börn og unglunga með sérþarfir

Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir, leikmaður Stjörnunnar í knattspyrnu og fyrrverandi landsliðs- og atvinnu- maður, hefur frá því í febrúar sl. verið yfirþjálfari hjá Öspinni. Þar þjálfar hún börn og unglunga með sérþarfir, en í lok sumars sameinaðist Öspín og Stjarnan.

„Markmiðið er að gefa öllum, óháð fötlun tækifæri til að æfa fótbolta. Allir eiga rétt á að velja sér íþrótt sem þau hafa áhuga á, fatlað fólk sem ófatlað fólk,“ segir Gunnhildur Yrsa er Garðapósturinn forvitnaðist nánar um Öspína og sameiningu við Stjörnuna, en fótbolti hefur verið í boði hjá Öspinni í mörg ár.

Það má segja að Gunnhildur hafi tekið upp þráðinn aftur þegar hún kom úr atvinnumennsku í knattspyrnu haustið 2022, en málefni barna með sérþarfir hafa alltaf verið henni ofarlega í huga. Áður en hún hélt í atvinnumennsku var hún nefnilega með námskeið með mömmu sinni fyrir börn með sérþarfir sem hét Fótbolti fyrir alla og fóru æfingarnar fram í Íþróttahúsinu við Ásgarð í Garðabæ. „Svo þjálfaði ég fótbolta fyrir börn með einhverfu úti í Bandaríkjunum,“ segir hún og bætir við: „Ég vildi halda uppteknum hætti þegar ég kom heim enda finnst mér þetta mjög gaman,“ segir Gunnhildur en hún er mikil baráttukona fyrir íþróttir og er á því að allir, hvar sem er í heiminum eigi að geta stundað íþróttir.

En hvað finnst henni svona gefandi við þetta starf? „Eins og fyrir flesta þjálfara þá er svo gaman að sjá iðkendurnar bæta sig. En því miður í sumum íþróttum eru mikilvægir fótlunarfóðrar, þannig það eru margir iðkendur sem hafa ekki fengið tækifæri á að prófa fótbolta og hafa oft ekki trú á sinni eigin getu út frá samfélags viðhorfum en svo mæta þau á æfingu og sjá að þau hafa fulla getu til að stunda þessa íþrótt. Samfélagið hefur búið til ákveðnar hindranir fyrir fatlað fólk og það er upp á okkur komið að fjárlægja þessar hindranir,“ segir hún.

Og um þessr mundir æfa um 40 einstaklingar á bilinu 6 til 48 ára tvisvar sinnum í viku með Öspinni/Stjörnuni, en æfingarnar fara fram í íþróttahúsinu í Sjálandsskóla og í Miðgarði. Hvernig kom það til að Stjarnan og Öspín sameinuðust? „Ég er mikil Stjörnukona og Stjarnan á auðvitað að bjóða upp á íþróttir fyrir alla. Þegar kom að máli við Stjörnuna og Garðabæ þá tóku þau vel í þetta verkefni, að sameina Stjörnuna og Öspína. Öspín og önnur íþróttafélög fyrir fatlaða eru að vinna frábær störf nú þegar en mikilvægt að þetta sé líka í boði inn í hverfisfélögin.“



Glatt á hjalla! Gunnhildur stýrir æfingu hjá Öspinni/Stjörnuni í Sjálandsskóla

Og þið hafið verið að leika æfingaleiki við Stjörnuna í fótbolta, hvernig hefur það gengið? „Já, við erum að fara halda okkar fyrsta mót með 3. flokk kvenna hjá Stjörnuni. Markmiðið er að reyna að keppa með og á móti öðrum flokkum hjá Stjörnuni.“

Gunnhildur segir að knattspyrna sé liðsþrótt sem er tilvalin fyrir iðkendur á öllum aldri óháð sérþörfum. „Knattspyrnuíðkun eflir styrk, jafnvægi og samhæfingu en hefur einnig félagslegt gildi og stuðlar að samvinnu einstaklinga,“ segir hún, en félagið tekur þátt í mótum bæði hérlendis sem og erlendis.

Ég væri klárlega ekki sú manneskja sem ég er í dag ef það hefði ekki verið fyrir íþróttir Hún segir að lokum að íþróttir hafi gert ótrúlega mikið fyrir hana í gegnum árin og hún væri ekki hún nema út af fótboltanum. Hvað á hún við með því? „Það er ótrúlega mikið sem ég hef skapað í gegnum fótboltann. Allir vinirnir sem ég kynntist, ferðalögin sem ég fór í, áskorarnir sem ég þurfti að takast á við og margt fleira. Ég væri klárlega ekki sú manneskja sem ég er í dag ef það hefði ekki verið fyrir íþróttir. Ég get ekki ímyndað mér ef ég hefði ekki fengið þann valmöguleiki að æfa fótbolta þegar ég var yngri. Fyrir mér snýst þetta um að íþróttir

eru fyrir alla og að allir eigi rétt á að velja sína íþrótt, þannig ég vil nota mitt „plat-form“ til að berjast fyrir að allir fái sömu tækifærin, það finnst mér grundvallar mannréttindi,“ segir hún að lokum.

Íþróttafélagið Ösp

Íþróttafélagið Ösp var stofnað 18. maí, 1980 af foreldra- og kennarafélagi Öskjuhlíðarskóla, með stuðningi frá Íþróttasambandi Fatlaðra. Stofnfundurinn fór fram á Þingvöllum, þar sem mættu foreldrar og nemendur til veislu í Valhöll.

Markmið Íþróttafélagsins Aspar er að standa fyrir íþróttæfingum hjá félögum, með sem fjölbreyttustum hætti, þeim til heilsuþótar og ánægju og þátttöku í íþróttamótum, þar sem hæfni hvers og eins nýtur sín sem best.

Fjöldi iðkenda er um 190 manns og æfðar eru átta íþróttagreinir, þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Íþróttafélagið Ösp er opið öllum, sem hafa áhuga á íþróttum, sem æfðar eru hjá félaginu: sund, keila, frjársar íþróttir, boccia, fótbolti, nútíma fimleikar og skautar.

Allir eru velkomnir á æfingar, til að kynnst því, sem þar fer fram og hvetur félagið alla til að mæta og sjá hvort ekki sé eitthvað við þeirra hæfi eða þeirra skjólstæðinga sem þeir gætu haft gaman af.



Nokkrir félagar í Öspinni/Stjarnan mættu á Stjörnuleik í sumar hjá Gunnhildi

K.C. - MÁLUN

kcarter@internet.is
GSM: 691-7979

Kristmundur Carter - Málrameistari

MÁLNING · SPARTSL · VEGGFÓÐUR · FLÍSALÖGN



Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Vefmiðill Garðapóstsins kgp.is

[Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://www.facebook.com/Gardaposturinn.is)

[Instagram.com/Gardaposturinn](https://www.instagram.com/Gardaposturinn)

lindex.is

Hafðu það
mjúkt um jólin

LINDEX

GKG bjargar trjám úr Hnoðraholtinu



Það er óhætt að segja að GKG sinni trjárækt með mjög öflugum hætti. Í gegnum árin hefur klúbburinn gróðursett þúsundir trjáa á landi golfvallarins, kylfingum til yndisauka, þó ekki sé jafn gaman þegar boltinn lendir í þeim.

Áætlun um byggð í Hnoðraholti þýðir að mörg tré munu hverfa þaðan. GKG, með leyfi Garðabæjar, hefur fundið 29 trjám nýtt heimili milli 7. og 8. brautar á Leir-

dalsvelli. Þessi aðgerð mun fegra þessar tvær brautir og skerpa línur milli þeirra.

Um þrjár trjáþyrpingar er að ræða sem krefja kylfinginn um beinni högg.

Af teig 5 byrjar miðju trjáþyrpingin um 80 metra frá teig og endar seinasta trjáþyrpingin um 130 metra frá þeim teig.

Af teig 7 byrjar miðju trjáþyrpingin um 55 metra frá teig og endar seinasta trjáþyrpingin um 105 metra frá þeim teig.



Stór og smá listaverk á jólabasar Grósku

Jólabasar Grósku verður í Gróskusalnum helgina 2.-3. desember í tengslum við adventuhátíð á Garðatorgi. Listaverk, stór og smá, alls konar listhandverk og handgerðir hlutir verða til sýnis og sölu. Hér gefst gott tækifæri til að hitta listamenn Grósku og gera góð kaup fyrir jólapakkann. Boðið er upp á góðgæti og notalega jólastemningu. Opíð er kl. 13-16 báða daga. Gróskusalurinn er á 2. hæð á Garðatorgi 1. Allir eru velkomnir og fólk er hvatt til að fjölmenna.

Gróska er félag myndlistarmanna í Garðabæ og eru allir Garðabæingar 18 ára og eldri sem fást við myndlist velkomnir í félagið. Hér er átt við myndlist í viðum skilningi, hvort sem er í tvívíðu eða þrívíðu formi, en hugsjón Grósku er að allir fái að njóta sín við listsköpun. Innan félagsins eru bæði fagmenntaðir og sjálfmenntaðir listamenn. Hægt er að sækja um inngöngu í Grósku gegnum fésbókarsíðu félagsins: <https://www.facebook.com/groska-210/eða> með því að senda póst á groskamyndlist@gmail.com.



Alfreður Ólafsdóttir - Lífsorkan



Jón Þorsteinsson - Skyrgámur



Brynja Guðmundsdóttir - Kertasníkir



Bergþóra Huld Birgisdóttir



Ten Points
31.990.-




Ten Points
32.990.-

Garðatorg 6
&
Kringlunni

Svíf þú inn í svefninn

...í rúmi frá okkur!

RB
RÚM



heklaíslandi



Hágæða Florence bómullarhandklæði
og nátt sloppar frá CLARYSSE bath & kitchen



Falleg handmáluð jólakerti frá FLATYS

Íslensk
hönnun

RB rúm | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397

www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á Instagram

Opð mánudaga til fimmtudaga 8:00-18:00 · föstudaga 8:00-17:00 · laugardaga 10:00-16:00 · sunnudaga lokað



Rúmlega 400 manns á jólabingó Sveppa og Villa á Álftanesi



Körfuknattleiksdeild Álftaness stóð fyrir jólabingói með Sveppa og Villa sl. sunnu-

dag og var mikið fjör í Forsetahöllinni enda létu Álftnesingar ekki sitt eftir liggja

og fjölmenntu. Það var stuð á þeim Sveppa og Villa og margir flottir vinningar í boði.

Villi og Sveppi ásamt heppnum vinningshafa í bingóinu



Jólasúkkulaði

Sjálfstæðisfélag Garðabæjar býður upp á sitt árlega jólasúkkulaði í félagsheimili flokksins að Garðatorgi 7, 2.hæð fyrir ofan bókasafnið.

Laugardaginn 2. desember frá kl. 13-16 á sama tíma og aðventuhátíð fer fram á Garðatorgi.

Öll velkomin - hlökkum til að sjá ykkur!

Sjálfstæðisfélag Garðabæjar



D

Jóla- appdagatal nettó

	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur	sunnudagur
					1 50% Nóa konfekt	2 50% Jólaskraut	3 50% Klementínur
4 50%	5 40%	6 50%	7 50%	8 40%	9 30%	10 40%	
Jólago frá Ölgerðinni	Baylis & Harding gjafavara	Beretta kjötalegg	Leikföng	Quality Street	Allar bækur	Jóla-smákökur	
11 50%	12 40%	13 50%	14 40%	15 40%	16 50%	17 40%	
Frosnar nautalundir	Coke og Fanta, 1 l	Bökunar-vörur frá Nóa Sírfus	Heill kalkúnn	Hamborgar-hryggur	Niðursuðu-vörur	Spil	
18 40%	19 40%	20 40%	21 30%	22 50%	23 50%	24 50%	
Hangikjöt	Humar	Jólaís	Rjómi	4x2 l Pepsi og Appelsín	Lay's snakk	Jólanammi	

Við kynnum ný og vegleg apptilboð á jóla-
vörum á hverjum degi frá 1. til 24. desember.

Með appinu færðu appslátt af öllum vörum í hvert skipti sem þú verslar. Afslátturinn birtist sem inneign í Samkaupaappinu. Inneignina má nýta í verslunum um allt land.

Sæktu appið og byrjaðu að spara!




nettó

Kirkjulistadagar í Bessastaðakirkju

Dagana 29.október- 8.nóvember voru kirkjulistadagar í Bessastaða-+kirkju. Meginþema daganna voru fallegu steindu gluggarnir sem Guðmundur Einarsson frá Miðdal og Finnur Jónsson gerðu að forskrift Ásgeirs Ásgeirssonar forseta en í raun er hægt að segja að gluggarnir séu þjóðargjöf enda lögðu margir í púkkið.

29. október lýstu Gunnar Júlíusson grafískur hönnuður og listamaður og sr.Hans Guðberg Alfredsson gluggunum og fóru yfir merkilega sögu þeirra og tákn og myndmál en þar var stuðst að stóru leiti við ritgerð sr. Friðriks J.Hjartar listfræðings um gleristaverkin í Bessastaðakirkju. Frá 29.október birtist svo einn gluggi á dag á fasbókarsíðu Bessastaðasóknar þar sem þeim er lýst ítarlega en sr.Hans Guðberg, sr.Friðrik J.Hjartar og Gunnar Júlíusson skiptu þeim á milli sín.

Hér eru nokkrar myndir frá þessum góða viðburði.



Breytingar fyrirhugaðar á gjaldskrá sorphirðugjalds



Á fundi bæjarráðs sl. þriðjudag voru m.a. ræddar breytingar á fjárhagsáætlun Garðabæjar 2024 (2024-2027).

Á fundinum gerði sviðsstjóri umhverfissviðs grein fyrir tillögu að gjaldskrá sorphirðugjalds sem byggir á að því að íbúar greiði samkvæmt gjaldskrá sem næst raunkostnað fyrir þjónusta við losun heimilsúr-gangs, sbr. lög 103/2021 um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunar-varnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald.

Hagræðing að fjárhæð 500 mkr. Bæjarstjóri gerði grein fyrir drögum að framkvæmdáætlun fyrir árin 2024-2027

og tillögum að hagræðingu í fjárhagsáætlun 2024 samtals að fjárhæð 500 mkr.

Í fjarveru sviðsstjóra velferðarsviðs fór bæjarstjóri yfir tillögur sviðsins að hagræðingu. Sviðsstjóri umhverfissviðs og sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs gerðu grein fyrir tillögum sinna sviða að hagræðingu.

Tillögur að breytingum lagðar fram 5. desember nk.

Gert er ráð fyrir að á fundi bæjarráðs 5. desember nk. verði lagðar fram tillögur að breytingum ásamt frumvarpi að fjárhagsáætlun með breytingum. Síðari um-ræða um fjárhagsáætlun er fyrirhuguð á fundi bæjarstjórnar 7. desember nk.

Vefmiðill Garðapóstisins kpg.is
Facebook.com/Gardaposturinn.is
Instagram.com/Gardaposturinn

FJÖLMENNUM Á VÖLLINN Í BLÁU!

DAGSKRÁ

- DÚLLUBAR OPNAR 17:30
- VEITINGAR FRÁ JUST WINGIN IT
- STJARNAN - ÁLFTANES 19:15
- SAMSUNGSKOT Í HÁLFLEIK

Á MORGUN
UMHYGGJUHÖLLIN 1. DESEMBER - 19:15

SAMSUNG **Kristall** **BYKO** **PUMA** **ORKAN** **samskip**



ÍBÚÐIR TIL SÖLU

Pingvangur ehf byggir 84 nýjar íbúðir í sex lágrestum fjölbýlishúsum á Álftanesi í Garðabæ.

- Stæði í bílakjallara
- Veglegar þaksvalir
- Aukin lofthæð
- Einnig íbúðir fyrir 60+
- Sér þvottahús í flestum íbúðum
- Tvö stæði fylgja sumum íbúðum
- Félagsmiðstöð eldri borgara
- Sér loftskiptikerfi í öllum íbúðum



LAMBAMÝRI 3

STÆRÐ 73,9 m²

ÍBÚÐ 205

VERÐ 66.9 mkr.



LAMBAMÝRI 6

STÆRÐ 122,2 m²

ÍBÚÐ 301

VERÐ 105.9 mkr.



LAMBAMYRI.IS



SKANNAÐU
KÓÐANN


Miðhraun velkomin í liðið!



Ný verslun Miðhrauni, Garðabæ

**Þessi verslun er gul
og bleik en samt græn
enda er verslunin
búin allra nýjustu
tækjum og tækni
í umhverfisvænni
kerfum**

**Opnunar
tilboð**



Hofsstaðir í Garðabæ 100 ára

Íbúðarhúsið á Hofsstöðum var byggt árið 1923, á sama stað og eldra hús (torfbær) stóð, en býlið Hofsstaðir var reist í landnámi Ingólfs Arnarssonar

Á þessu ári, árið 2023, er íbúðarhúsið á Hofsstöðum 100 ára, en það er byggt árið 1923 á sama stað og eldra hús (torfbær)stóð. Á þessum merku tímótum er því gaman að líta aðeins um öxl og rifja upp sögu Hofsstaða í stuttu máli.

„Mikið sólskin var yfir gömlu dögnum“ sögðu systurnar frá Hofsstöðum þær Sigurlaug, Sigríður og Halldóra Gísladætur í viðtali við tímaritið „Listin að lífa“ árið 2007.

Býlið Hofsstaðir var reist á holtinu vestan Víflsstaða í landnámi Ingólfs Arnarssonar en á Víflsstöðum var bústaður leysingja Ingólfs. Á staðnum hafa fundist leifar af seið og mætti leiða að því líkur að á Hofsstöðum hafi verið hof Ingólfs.

Aldursgreining á túngörðum hafa sýnt að samfelld byggð hefur verið á Hofsstöðum frá landnámsöld allt fram til okkar daga.

Merkar fornminjar fundust á Hofsstöðum árið 1989 sem bera þess merki að þar hafi verið stórbýli á landnámsöld. Má þar nefna óvenju reisulegan skála, 30 metra langan, hlaðinn úr torfi og grjóti. Skálinn er að öllu leyti í samræmi við norræna byggingahefð á Þjóðveldisöld og er talið að þar gætu hafa búið allt að 30 manns. Myndarlega hefur verið staðið að varðveislu þessara fornminja og merkingu þeirra með stofnun minjagarðs á staðnum og uppsetningu tækniúnaðar þar sem lýst er búhátum á landnámsöld.

Jörðin Hofsstaðir var um aldir í eigu konungs

Jörðin Hofsstaðir var um aldir í eigu konungs. Jón Jenson háyfirdómari eignaðist jörðina seint á 19. öld en seldi Jakobi Eirikssyni og Gísla syni hans hana í upphafi 20. aldar. Síðustu ábúendur Hofsstaða sem voru með búskap þar voru afkomendur Gísla. Það voru þau Sigríður Gísladóttir (Sigga á Hofsstöðum) og maður hennar Sveinbjörn Jóhannesson.



Sigga, Lillý, Gunna og Dóra Gísladætur með fáeinum afkomendum á góðum degi á Hofsstöðum



Börn Sigríðar og Sveinbjörns á Hofsstöðum f.v. Jóhannes, xx, Kristín og xx

Jörð Hofsstaða var um 40 hektarar af stærð

Hofsstaðir var eitt af lögbýlum Garðahrepps, talin góð jörð á fyrri tímum, u.þ.b. 40 hektarar að stærð. Landamerki jarðarinnar lágu frá Keldudargi við Arnarneslæk og þaðan í Djákrók (ca Arnarneslækurinn) þaðan um Þvergilsmeil gegnt Víflsstöðum, þaðan í Guðnýjarstapa, þaðan í Sérstökupúfu og þaðan að Víflsstaðavegi (ca Karlabraut). Eftir lagningu Víflsstaðavegar árið 1920 átti jörðin land að veginum alveg að stefnu á skurð sem lá ofanvert við svokallað Silfurtún (nú milli Túnahverfis og Mýrarhverfis).

Bærinn stóð í túninu miðu sem var girt görðum á alla vegu hlöðnum af torfi og grjóti. Bústofninn var 12-15 kyr, 2 hestar, nokkrar kindur og slatti af hænum. Þetta dugði til að framfleyta 9 manna fjölskyldu allt fram á miðja 20. öld

Búskapur aflagður á Hofsstöðum árið 1965

Á þessu ári 2023 er íbúðarhúsið á Hofsstöðum 100 ára. Byggt árið 1923 á sama stað og eldra hús (torfbær) stóð. Meðan húsið var reist þá bjó heimilisfólkið á fjósloftinu. Þar með talin fyrrnefnd Sigga á Hofsstöðum, dóttir Gísla þá tveggja ára.



XXXXX



Silla Gísladóttir mjólkurpóstur

Hofsstaðir árið 1932



Húsið er tvær hæðir, 36 fm hvor. Að auki var lítil skúr yfir innganginum. Árið 1967 var reist 40 fm viðbygging við húsið. Árið 1965 var búskapur aflagður á Hofsstöðum og voru útihúsin sem stóðu vestan við íbúðarhúsið rifin nokkrum árum seinna.

Þetta gamla steinhús hefur staðið af sér storma og strauma allan þennan tíma. Þaðan var viðáttumikið útsýni og fagur fjallahringur til allra átta; Grindaskörð og Helgafell í suðri, Keilir í suðvestri, Jökullinn í norðvestri, Esjan og Akrafjall í norðri. Einnig sást til Keflavíkur í vestri. Þetta útsýni hefur nú á síðustu árum fallið í skuggan af nýjum framkvæmdum Garðabæjar.

Á seinni árum, áður en byggðin þéttist eins mikið og nú þá voru Hofsstaðir mikil útivistarparadis fyrir unga jafnt sem aldna Garðbæinga.

Tær vatnsuppspretta

Í brekkunni norðan við bæinn var dásamlega tær vatnsuppspretta sem kölluð var „Lindin“. Þangað var vatnið sótt þegar brunurinn tæmdist. Þessi lind er nú horfin í jörð í núverandi Byggðahverfi.

Frá brekkubrúnni vestan og norðan við bæinn var án efa besta sleðabrekka á öllu suðvesturhorni landsins og var notuð mikið á vetrum. Þar stendur Vídalínskirkja nú.

Jafnvel bústaðir álfa og huldufólks

Í túninu voru hólar sem nú eru horfnir en höfðu áreiðanlega margar gamlar sögur að segja eða voru jafnvel bústaðir álfa og huldufólks. Innan um hólana og hæðirnar á túninu á Hofsstöðum gerðu ungar og upprennandi fótboltaheftur bæjarins sér ágætis fótboltavelli og létu hvorki álfarnir né huldufólkið það trufla sig.

Eftir að búskap lauk var hluti túnsins gerður að kartöflugarði sem nokkrir nágrennar nýttu sér.

Afkomendur og vinir heimilisfólks Hofsstaða hafa alla tíð haldið mikla tryggð við staðinn og átt þar góðar stundir. Einnig voru margir einstæðingar á árum áður sem áttu sér þar skjól um lengri eða skemmri tíma vegna dapurra heimilisaðstæðna sinna og upplifðu þeir á Hofsstöðum hvað það er gott að lífa við öryggi og hlýju.

Það eru orð að sönnu að það var mikið sólskin á Hofsstöðum í gamla daga.

Má ekki gleymast né tynast

Í dag eru Hofsstaðir í eigu Garðabæjar. Mikilvægt er að mati núlifandi afkomenda Hofsstaða að staðurinn gleymist ekki og tynist. Þar gegnir minjagarðurinn mikilvægu hlutverki. Það okkar ósk að hann dafni og haldi nafni Hofsstaða á lofti um ókomna tíð í sögu Garðabæjar. **KS**




Heyskapur á Hofsstöðum 1953



Ábúendur Hofsstaða: Sigrún og Gísli 1917-1952



Ábúendur Hofsstaða: Sveinbjörn og Sigríður 1952-1965



Sesselja á Hofsstöðum um miðja síðustu öld

Helgihald í desember í Garðakirkju og Vídalínskirkju



Ragnheiður Gröndal



Guðmundur Pétursson



Bryndís Guðjónsdóttir



Porkell H. Sigfússon

Fyrsti sunnudagur í aðventu, 3. desember

Kl. 11:00 Aðventuhátíð barnanna í Vídalínskirkju. Helgileikur og barna- og unglingsakórar Vídalínskirkju syngja undir stjórn Davíðs Sigurgeirssonar. Jóna Þórdís Eggertsdóttir æskulýðsfulltrúi og Benedikt Sigurðsson guðfræðinemi þjóna.

Kl. 11:00 Hátíðarmessa í Garðakirkju með þátttöku Kvenfélags Garðabæjar. Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir þjónar fyrir altari. Björg Baldursdóttir prédikar. Kvenfélagskonur lesa ritningarlestra. Kór Vídalínskirkju syngur. Organisti er Jóhann Baldvinsson.

Kl. 15:00. Ljósastund í Garðakirkju. Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir þjónar fyrir altari. Iðunn Dögg Gylfadóttir flytur ávarp. Ragnheiður Gröndal syngur og Guðmundur Pétursson leikur á gítar.

Annar sunnudagur í aðventu, 10. desember

Kl. 11:00 Jólball sunnudagaskólans í Vídalínskirkju. Sr. Matthildur Bjarnadóttir og fræðarar sunnudagaskólans stjórna.

Kl. 17:00 Aðventuhátíð í Vídalínskirkju – Tónleikar Kórs Vídalínskirkju. Sr. Matthildur Bjarnadóttir þjónar og Sigurður Þórðarson flytur hugleiðingu. Kór Vídalínskirkju syngur. Ármann Helgason leikur á klarinett. Organisti er Jóhann Baldvinsson. Súkkulaði með rjóma að lokinni hátíðinni.

Þriðji sunnudagur í aðventu, 17. desember

Kl. 11:00 Jólasöngvar fjölskyldunnar í Vídalínskirkju. Garðakórinn syngur undir stjórn Jóhanns Baldvinssonar organista. Benedikt Sigurðsson guðfræðinemi þjónar.

Kl. 20:00 Jólatónleikar Gospelkórs Jóns Vídalíns. Stjórnandi Davíð Sigurgeirsson.

Aðfangadagur jóla, 24. desember

Kl. 17:30 Aftansöngur í Vídalínskirkju. Sr. Matthildur Bjarnadóttir. Bryndís Guðjónsdóttir sópran syngur einsöng. Blásarahópur leikur fyrir athöfn. Kór Vídalínskirkju syngur. Organisti er Jóhann Baldvinsson.

Kl. 23:00 Miðnæturguðsþjónusta í Garðakirkju. Benedikt Sigurðsson guðfræðinemi þjónar og flytur hugvekju. Félagar úr Gospelkór Jóns Vídalíns syngja. Davíð Sigurgeirsson stjórnar.

Jóladagur, 25. desember

Kl. 14:00 Hátíðarmessa í Vídalínskirkju. Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir. Kór Vídalínskirkju syngur. Porkell H. Sigfússon tenór syngur einsöng. Organisti er Jóhann Baldvinsson.

Kl. 15:30 Hátíðarguðsþjónusta í Ísafold. Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir. Kór Vídalínskirkju syngur, stjórnandi er Jóhann Baldvinsson.

Gamlársdagur, 31. desember

Kl. 17:00 Sameiginlegur aftansöngur Garðaprestakalls í Bessastaðakirkju. Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir. Álftaneskórinn syngur við undirleik Ástvalds Traustasonar.

Gleði og gaman á Holtakoti

Á Holtakoti er alltaf nóg að gera í daglegu starfi enda vantar ekki verkefni hjá okkur.

Í hinu daglega starfi eru börnin okkar út um hvíppinn og hvappinn. Öll börnin okkar fara í hreyfingu í salnum okkar í leikskólanum einu sinni í viku og öll, nema þau allra yngstu sem eru fædd 2022 fara í hreyfinu í íþróttahúsi Álftra-nesskóla og njóta þess í botn að fá að hlaupa og leika sér og losa um smá orku. Elsta deildin fer á fimmtudögum í íþróttahúsið og næst elsta og næst yngsta deildin fara saman á föstudagsmorgnum. Elstu börnin fara svo reglulega með strætó inn í Garðabæ þar sem þau fara í hreyfingu í fimleikasalnum í Ásgarði og börnin í elsta árgangi leikskólans fara svo einu sinni í viku í sundkennslu allan veturinn.

Í nóvember er nóg að gera eins og aðra vetrarmánuði ársins, enda ýmislegt sem verið er að brasa til viðbótar við daglega



rútinu og þá erum við auðvitað að tala um jólaföndrið og undirbúning fyrir jólahátíðina.

Það eru ákveðnir fastir punktar sem benda til þess að jólaundirbúningurinn er hafin. Börnin byrja að undirbúa jólagjafir fyrir foreldra sína og gera allskonar jólaföndur. Á Holtakoti er það undirbúningur fyrir opna húsið okkar, rauða daginn sem

er haldinn fimmtudaginn í vikunni fyrir fyrsta sunnudag í aðventu. Börnin föndra aðventuljós fyrir foreldrana, búa til gerkarla sem þau skreyta með negulnögglum og eru svo hengdir upp fyrir ofan hölfín þeirra í fataklefanum og búa til piparkökur sem er pakkað inn og hvert barn fær að taka með sér kökur heim. Það er mikil jólastemning í nóvember og desember í leikskólanum.

Elva Dögg Kristjánsdóttir
Aðstoðarleikskólastjóri á Holtakoti



JÓL OG ÁRAMÓT Í BESSASTAÐASÓKN 2022

- 3. des. kl. 17.00 **Aðventuhátíð.** Álftra-nesskórinn, Garðálfarnir. Embla Hlökk Jóhannesdóttir leikur á flautu. Ræðumaður sr. Kristján Björnsson vígslubiskup.
- 13. des. kl. 13.00 **Jólahátíð eldri borgara** í Brekkuskógum 1.
- 17. des kl 11:00 **Jóla- og aðventuhátíð barnanna.** Helgileikur. Mæðgurnar Kristín Björg Ragnarsdóttir og Ástrós Dóra Vigfúsdóttir leika á fiðlu.
- 24. des. kl. 17.00 **Aðfangadagur** - Aftansöngur Íris Björk Gunnarsdóttir syngur einsöng.
- 25. des. kl. 14.00 **Jóladagur** - Hátíðarguðsþjónusta.
- 31. des. kl. 17.00 **Gamlársdagur** - Aftansöngur Garðaprestakalls í Bessastaðakirkju.
- 1. jan. kl. 14.00 **Hátíðarguðsþjónusta í Vídalínskirkju**
Ræðumaður Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Allar athafnir eru í Bessastaðakirkju nema annað sé tekið fram.

bessastadasokn.is

[f Bessastaðakirkja](https://www.facebook.com/Bessastaðakirkja)

Tóku þátt í rýnihópavinnu um nýjan samskiptasáttmála




Á dögum tóku nokkrir nemendur úr 6.-10. bekk í Sjálandsskóla þátt í rýnihópavinnu um nýjan samskiptasáttmála Garðabæjar með Sesselju skólustjóra, Ósk aðstoðarskólustjóra og Rósu námsráðgjafa.

Sáttmálinn byggir á lögum um grunnskóla nr. 91/2008, lögum um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011, lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og hefur það markmið að auka velliðan, velferð, lífsgæði og heilsu barna í Garðabæ.

Rýnihópavinnan með nemendum gekk út á það að kynna fyrir þeim nýjan samskiptasáttmála Garðabæjar sem nú er í vinnslu og fá álit þeirra á málum sem skipta þau máli. Í vinnu við nýjan samskiptasáttmála skiptir máli að raddir barna fái að heyrast og verða athugasemdir nemenda teknar saman og sendar til frekari úrvinnslu á fræðsluviði bæjarins áður en endanlega útgáfa sáttmálans verður gefin út og birt.

Nemendur stóðu sig ótrúlega vel og voru skólanum til sóma.



Jólaandinn svífur yfir Garðatorgi í desember

- Fjölbreytt úrval af verslun, þjónustu og matsölustöðum
- Opið alla daga fram að jólum
- Ýmsar uppákomur og viðburðir í desember

Gerum jólainnkaupin í heimabyggð



● VERIÐ VELKOMINN Á GARÐATORG Í GARÐABÆ ●

apríl
SKÓR

FLATEY

maí

MATHÚS
GARÐABÆJAR
Ísland 2016

NN
STUDIO
noname.is

TE & KAFFI



cobra



HÖNNUNARSAFN
MUSEUM OF DESIGN
AND APPLIED ART
ÍSLANDS

Blondie
hársnyrtistofa

glæraugna
pétur

ILSE JACOBSEN
HORNÆK
RUB & RAIN WEBSHOP ICELAND



BAUM UND
PFERDGARTEN

SNYRTISTOFAN
Garðatorgi

YOGAVITUND

LYFJA
- Lífð heil

Domino's

EFNALAUG
GARÐABÆJAR

BÓKASAFN
GARÐABÆJAR



Rakarastofa Garðabæjar

Cleó
Garðatorgi



Eru miklir Álfnesingar allt þar til þeim vantar aðstoð og þjónustu frá Garðabæ, þá breytast þeir í Garðbæinga um stundarsakir

- segir Arnar Guðjónsson, þjálfari Stjörnunnar í körfuknattleik, en liðið mætir Álfnesi í nágrannaslag á morgun

Það er alvöru nágrannaslagur í Umhyggjuhöllinni í Ásgarði á morgun, föstudaginn, er Stjarnan tekur á móti Álfnesi í Subway-deildinni í körfuknattleik kl. 19:15, en liðin hafa aldrei áður mæst í efstu deildinni í körfuknattleik.

Það má reikna með hörkuleik á milli þessara liða enda hafa þau staðið sig vel í Subway-deildinni sem af er vetri og deila 2.-8. sæti með nokkrum liðum en deildin hefur verið óvenjujöfn í vetur og því skiptir hver leikur máli. Stigin tvö eru því mikilvæg fyrir liðin, en ekki má gleyma að leikurinn snýst líka um monréttinn í Garðabæ, tímabundið það minnsta.

Garðapósturinn heyrði í þjálfurum liðanna, þeim Arnari Guðjónssyni hjá Stjörnuni og Kjartani Atla Kjartanssyni hjá Álfnesi.

Arnar Guðjónsson, þjálfari Stjörnunnar

Það er kannski best að byrja að spyrja að því hvort þú sér sáttur með leik Stjörnunnar sem af er tímabilinu og stöðu liðsins í dag? „Ég myndi segja að frammistöðunni í öllum leikjum nema síðasta hafi verið nokkuð ásættanleg. Hattar leikurinn var talsverð vonbrigði, en það er bara áfram gakk,“ segir Arnar.

Það skipta að sjálföguð allir leikir máli í deildinni, en leikurinn á móti Álfnesi verður með öðrum undirtóni enda nágrannaslagur af bestu gerð - í fyrsta



Það fór vel á með þeim Arnari og Kjartani Atla í Ásgarði sl. mánudag

skipti sem liðin mætast í efstu deild - spennur fyrir leiknum? „Þetta er áhugaverður leikur og ég held að þetta sé í fyrsta sinn sem þessi lið mætast í keppnisleik í meistaraflökki í körfubolta, sama hvort um kven- eða karlaleik ræðir. Það verður áhugavert að sjá hvernig þessar rimmur munu þróast.“

Nýliðar með mikið fjármagn á bak við sig

Álfnes eru nýliði í Subway-deildinni og er að leika sitt fyrsta tímabili í efstu deild frá upphafi - hafa þeir komið þér á óvart með leik sínum? „Álfnes eru nú frekar óvenjulegur nýliðar held ég að

verði að segjast, efast um að við höfum áður sé nýliða í körfunni með jafn mikið fjármagn á bak við sig. Enda ekki á hverjum degi þar sem nýliðar eru með 5 erlenda leikmenn og hóp af A landsliðs og yngri flokka landsliðsmönnum. Þannig að ég get ekki sagt að þeir komi mér á óvart, reikna með þeim sem eitt af fjórum bestu liðum landsins.“

Ekki búinn að sjá Álfnes spila út frá stigum og stigaskori liðanna mætti segja að þetta væri mjög áþekkt lið, bæði með 10 stig og markatalan áþekkt, en þetta eru tvö bestu varnarlið deildarinnar, hafa fengið á sig fæstu

stiginn í deildinni, Álfnes 626 stig og og Stjarnan 659 stig. Er leikstíll þessara liða mjög svipaður og áttu von á lokuðum leik þar sem varnarleikurinn verður í fyrirrúmi? „Ég held að þetta verði áhugaverður leikur og skiptir máli uppá stöðubaráttuna sem er í deildinni. Núna er bara sunnudagsmorgun (innsk blm. þegar viðtalið er tekið) og ég er ekki búinn að sjá neitt með Álfnesi síðan á undirbúningstímabilinu, þannig að ég get lítið sagt um leikstílinn, en þekkjandi leikendur þá gef ég mér að bæði lið séu áreiðin í vörn og ætti þetta því að vera skemmtileg barátta.“

Heldur þétt á trompunum þrátt fyrir ást sína á Garðapóstinum

Hvað er það sem mun ráða úrslitum í þessum leik - ertu með einhver tromp á hendi fyrir leikinn? „Það eru svo margir þættir sem geta ráðið úrslitum í kappleikjum og hver þeirra á raun sitt líf. Þannig að það kemur í raun bara í ljós eftir því sem á leikinn liður. En varðandi eitthver tromp, þá held ég að það sé vænlegast þrátt fyrir mikla ást á Garðapóstinum að halda þeim þétt að mér,“ segir hann brosandir

Eru einhverjir sérstakir leikmenn í Álfnesi sem þú þarft að leggja áherslu að loka á - hver er styrkleiki þeirra? „Álfnes er sterk lið með mörg vopn, þannig að ég efast um að einhver einn leikmaður sé lykillinn að því að stöðva þá. En það gefur auga leið af tölfræðinni að

Haukur, Dúi og svo útlendingarnir eru þeirra helstu menn, allavega á meðan Hörður er meiddur.“

En þekkir þú ekki leikaðferðir Kjartans Atla þjálfari Álfnes nokkuð vel - verður þetta ekki bara auðlesinn leikur fyrir ykkur? „Eins og ég kom inná hef ég lítið séð til Álfnes en sem komið er, mánudagurinn fer í að kynna sér þá. Það sem maður sér í að kynna sér þá. Það sem maður sér í að undirbúningstímabilinu var að varnarleikurinn var nánast sá sami og íslenska landsliðið spilaði á árunum 2013-2017 með góðum árangri, enda svipaðir leikendur í liði Álfnes og voru í landsliðinu þá. Svo var sóknarleikurinn allavega á haustmánuðum nánast sá sami og Keflavík spilaði þegar Hörður Axel lék þar. En það má nú vera að einhverjar breytingar hafi orðið síðan ég sá til þeirra síðast.“

Nú er Stjarnan á leika á heimavelli, í Umhyggjuhöllinni, á þetta ekki að vera skyldusigur? „Við lítum á það að allir leikir í Umhyggjuhöllinni séu skyldusigrar fyrir okkur, burtséð frá mótherjum.“

Og þessi leikur snýst náttúrulega um svo mikið meira en stigin tvö sem eru í boði, monrétturinn í Garðabæ er undir? „Ég átta mig ekki alveg á því. Þeir sem maður þekkir út á Álfnesi eru miklir Álfnesingar allt þar til þeim vantar aðstoð og þjónustu frá Garðabæ, þá breytast þeir í Garðbæinga um stundarsakir,“ segir í léttum tóni.

Auðlesinn leikur og við getum sleppt því að spila hann

- segir Kjartan Atli Kjartansson þjálfari nýliða Álfnes fyrir nágrannaslaginn gegn Stjörnuni í Subway-deildinni

Kjartan Atli Kjartansson, þjálfari nýliða Álfnes hefur farið vel af stað með liðið í Subway-deildinni í vetur. Hann þekkir vel til körfunnar bæði á Álfnesi, þar sem hann ólst upp, sem og í Garðabæ þar sem hann hefur bæði leikið með Stjörnuni og þjálfað yngri flokka félagsins í fjölda ára.

Garðapósturinn heyrði í Kjartani vegna stórlíksins á móti Stjörnuni í Subway-deildinni á morgun, föstudag og byrjaði á því að spyrja hvort hann sé sáttur með leik Álfnes sem af er tímabilinu? „Við erum sáttir með sumt og ósáttir við annað. Frammistaðan hefur heilt yfir verið góð en við sjáum líka rúm til bætinga á ýmsum sviðum og höldum áfram að vinna í því,“ segir Kjartan Atli.

Við höfum ekki komið okkur á óvart

Hafið þið komið sjálfum ykkur á óvart sem af er eða bara á pari við það sem þið lögðuð upp með fyrir mót? „Nei, við höfum ekki komið okkur á óvart. Við fundum það þegar hópurinn kom saman síðla sumars að við værum með samkeppnishæft lið. Það sem hefur kannski komið manni mest á óvart er hversu jöfn deildin er, þetta er örugglega jafnasta deildarkeppni í nokkurri íþróttagrein í álfunni.“

Það skipta að sjálföguð allir leikir máli í deildinni, en leikurinn á móti Stjörnuni verður með öðrum undirtóni enda nágrannaslagur af bestu gerð - í fyrsta skipti sem liðin mætast í efstu deild - spennur fyrir þessum leik? „Í sumar fór ég nánast daglega í

sund í Ásgarði og strax þá fann maður fyrir áhuga á þessum leik. Þá fann maður að það ríkir eftirvænting í bænum. Enda geta Garðbæingar verið stoltir að eiga tvö lið í efstu deild í jafn vinsælli íþrótt og körfuboltinn er.“



Kjartan hefur þjálfað hjá Stjörnuni í 17 ár og þekkir því vel til í Garðabænum. Hér er hann með drengina í 9. flokki keppnistímabilið 2009-2010, en á myndinni eru m.a. Tómas Þórður Hilmarsson (nr. 23) og Dagur Kár Jónsson (nr. 3) sem leika með meistaraflökki Stjörnunnar í dag

Stjarnan verður að spila besta körfuboltann í deildinni

Stjörnuliðið býr yfir mikilli reynslu af efstu deild - hvernig finnst þér þeir hafa leikið sem af er tímabili - eitthvað komið á óvart í þeirra leik? „Að mínu mati hefur Stjarnan verið að spila besta körfuboltann í deildinni í dágóðan tíma núna. Í raun hefur ekki mikið komið á óvart í leik liðsins. Maður sá strax í haust að þetta væri gott lið, vel mannað og vel þjálfað. James Ellisor hefur aðlagast leik liðsins fljótt og vel. Síðan hann kom og

hluti hópsins kom aftur úr meiðslum hefur liðið lítið virkilega vel út. Ég hef hrifist mjög af Tómasi Þórði Hilmarssyni að undanförunu, gaman að sjá Tomma spila vel. Við þekkjumst vel úr yngri flokkunum, en ég þjálfaði hann í þó nokkur ár.“

Leikstíll liðanna ekki líkur, hvorki í vörn né sókn

Út frá stigum og stigaskori liðanna mætti segja að þetta væri mjög áþekkt lið, bæði lið með 10 stig og markatalan áþekkt, en þetta eru tvö bestu varnarlið deildarinnar, hafa fengið á sig fæstu stiginn í deildinni, Álfnes 626 stig og og Stjarnan 659 stig. Er leikstíll þessara liða mjög svipaður og áttu von á lokuðum leik þar sem varnarleikurinn verður í fyrirrúmi? „Bæði lið leggja mikið upp úr varnarleik en ég get ekki

sagt að leikstíllinn sé svipaður, hvort sem það er í vörn eða sókn. Hvort leikurinn verði lokaður veit ég ekki, það veltur svolítið á því hversu vel menn hitta! Bæði lið munu leggja sig fram í vörn, svo mikið er víst.“

Ég veit að þetta er klisja

Hvað er það sem mun ráða úrslitum í þessum leik - Ertu með einhver tromp á hendi fyrir leikinn? „Sambland af mörgum þáttum mun ráða úrslitum. Ég veit að þetta er klisja, en liðið sem mun framkvæma betur og komast betur inn í sínar helstu aðgerðir á báðum endum mun vinna leikinn. Með trompin er erfitt að segja.“

Ægir Þór búinn að vera frábær

Eru einhverjir sérstakir leikmenn í Stjörnuni sem þú þarft að leggja áherslu að loka á - hver er styrkleiki þeirra? „Ægir Þór Steinarsson er búinn að vera frábær það sem af er, allir sjá að hann er mikilvægur póstur í öllu sem Stjarnan gerir. Antti Kanervo skiptir grundvallaratriði fyrir Stjörnuna og svo eru þarna margir frábærir leikmenn sem þarf að passa. Breidd Stjörnunnar er virkilega flott.“

En þekkir þú ekki leikaðferðir Arnars þjálfari Stjörnunnar nokkuð vel - verður þetta ekki bara auðlesinn leikur fyrir ykkur? „Heldur betur, getum sleppt því að spila þennan leik! Nei, að öllu gamni slepptu þá er taktísk nálgun Stjörnuliðsins mjög góð, mikil breidd í aðgerðum og erfitt að kortleggja liðið, enda eru Arnar og Ingi Þór Steinarsson

frábært þjálfarateymi. Verður gaman að mæta þeim,“ segir hann.

Er í fyrsta skipti á útivelli í Ásgarði

Þið eruð að leika á útivelli, í Umhyggjuhöllinni í Ásgarði. En er þetta nokkuð útileikur fyrir þig þar sem þú þekkir Ásgarð eins og lófann á þér enda bæði leikið með Stjörnuni og þjálfað þar bæði meistaraflökki og yngri flokka í mörg ár - skiptir miklu máli hvort leikið er á heimavelli eða útivelli? „Ef maður ætlaði í klisjurnar myndi maður segja að þetta væri bara eins og hver annar leikur. En svo ég tali af hreinskilni, fyrir mig persónulega, þá verður þetta áhugavert. Þetta er í fyrsta sinn sem ég er á útivelli í Ásgarði en heimaleikirnir eru mældir í nokkrum hundruðum, jafnvel í enn stærri tölum,“ segir hann brosandir og bætir við: „Þú spyrð líka um mikilvægi heimavallarins, einhverjar mælingar hafa sýnt að heimavöllurinn skipti minna máli en áður. En tilfinning mín, bara þetta tímabil, er að lið hafi “varið” heimavöllinn vel.“

Þessi grannaslagir eru verkefni í mótun

Og þessi leikur snýst náttúrulega um svo mikið meira en stigin tvö sem eru í boði, er ekki monrétturinn í Garðabæ undir? „Þessi grannaslagir eru verkefni í mótun. Það kemur allt í ljós hvað er undir. Ég vona bara að fólk fjölmenni í Umhyggjuhöllina og njóti góðrar kvöldstundar. Þetta er söguleg stund fyrir bæjarfélagið og ég veit að Álfnesingar hlakka mikið til,“ segir Kjartan Atli að lokum.

Fröken Reykjavík
KITCHEN · BAR

EINSTÖK JÓLAVEISLA

HÁTÍÐARMATSEÐILL



5 RÉTTA VEISLA

Hörpuskel
Hreindýratartar
Humar og grjótkrabbasoð
Hægelduð bringa af heiðargæs
Mandarínur og möndlur

13.900 kr.

Bubbly
HOUR
16 - 18



FROKENRVK.IS | @FROKEN_REYKJAVIK
LÆKJARGATA 12, 101 REYKJAVÍK

Fröken Reykjavík
KITCHEN · BAR

HÓTEL
REYKJAVÍK
—
SAGA

RB Rúm fagnar 80 ára afmæli

RB Rúm fagnar á morgun, föstudaginn 1. desember 80 ára stórafmæli, en fjölskyldufyrirtækið var stofnað af Ragnari Björnssyni, húsgagnabólstrara árið 1943. Undanfarinn 42 ár hefur Birna Ragnarsdóttir, dóttir Ragnars, verið viðloðandi fyrirtækið, en hún byrjaði að vinna þar ung að árum, árið 1981, og hefur undanfarna áratugi stýrt rekstrinum.

Það má með sönnu segja að RB Rúm hafi fært Garðbæingum sem og öðrum landsmönnum betri svefn og vellíðan í átta áratugi, en fyrirtækið hefur allt frá upphafi lagt mikið upp úr gæðum og vönduðum vinnubrögðum.

Birna segir að Garðbæingar hafa verið stórtækir í viðskiptum við RB Rúm í gegnum árin þótt fyrirtækið sé með aðsetur í Dalshrauni í Hafnarfirði. „Garðbæingar sem og aðrir landsmenn hafa verið mjög duglegir að versla við okkur í gegnum áratuginna enda skiptir



Birna hefur starfað í RB Rúm í 42 ár eða frá 1981

staðsetningin litlu máli þegar fólk leitar að góðum dýnum og rúmum,” segir hún brosandí.

Birna segir að RB Rúm hafi ávallt verið leiðandi í þróun og framleiðslu á springdýnum sem er meginþáttur í starfsemi auk framleiðslu á öllum stærðum og gerðum af rúmum, en á undanföllum

árum hefur vönduð gjafavara fyrir heimilið bæst í flórana eins og ilmkeri, handklæði að ógleymdum sænguverum, púðum, rúmteppum og fleira.

Stolt af árunum 80

En hvað finnst Birnu um að afmælisbarnið sé að fagna 80 ára afmæli á föstudaginn? „Ég er bara stolt. RB Rúm væru ekki að fagna 80 árum í dag ef við værum ekki að framleiða góða vöru og svo höfum við í gegnum árin verið með gott starfsfólk hjá okkur.”

Og RB rúm hefur dafnað og þroskast vel á þessum tíma, gæðin og vöruúrvalið stöðugt að aukist? „Já, það er rétt. Í byrjun var höfuðáherslan á húsgagnabólstrun og svo bættust springdýrnar og rúmin við framleiðsluna. Svo í gegnum tíðina höfum við bætt við rúmgöflum, lökum, dýnuhlífum, gjafavöru og fleira.”

100% náttúrulegar springdýnur Og þið bjóðið upp á ótrúlega fjölbreytt vöruúrval, ekki bara margar gerðir að springdýnum og rúmum heldur margt annað eins og þú nefnir? „Já, það er



Birna ásamt föður sínum og stofnanda R.B. rúma, Ragnari Björnssyni fyrir nokkrum árum



RB Rúm er í fallegu húsnæði í Dalshrauni í Hafnarfirði



RB Rúm er með rúm, springdýnur og rúmgafla í miklu úrvali ásamt sænguverðum, púðum og rúmteppum og þá er hægt að fá vandaða gjafavöru eins og ilmkeri, handklæði og margt fleira

rétt og í tilefni af þessum tímamótum ákváðum við að byrja að flytja inn 100% náttúrulegar springdýnur frá rótgrónu fyrirtæki í Bretlandi sem heitir Vispring, en það var stofnað í London árið 1901. Við munum veita góða þjónustu fyrir dýnurnar eins og við gerum með allar okkar dýnur.”

Byrjaði á að sópa gólfinn og mun enda starfsferilinn á kústinum!

Hvað með þig sjálfa, ertu búin að vera með annan fótinn í RB Rúm frá því að þú varst lítil eða hvenær fóstu að blanda þér í reksturinn? „Ég hef frá því ég man eftir mér verið viðlogandi fyrir-

tækni. Mitt fyrsta starf var að sópa gólfinn og ég mun örugglega enda starfsferilinn á kústinum. Ég fór á viðskiptabraut í Flensborg og eftir það fór ég í lönskólann og lærði húsgagnabólstrun og hef unnið í RB Rúmum síðan 1981,” segir hún brosandí.

Hafa fengið alþjóðleg verðlaun

Það má svo geta þess að RB Rúm hlaut árið 2010 alþjóðleg verðlaun á International Quality Crown Awards í London, fyrir vandaða framleiðslu og markaðssetningu. Þetta eru stór verðlaun þar sem aðeins eitt fyrirtæki í hverri grein sem fær þau ár hvert.



Hæstu tilboð í byggingarrétt lóða á Hnoðraholti samþykkt

Á fundi bæjarráðs sem haldinn var 21. nóvember 2023 voru opnuð tilboð í lóðir í 1. áfanga norðurhluta Hnoðraholtis.

Alls bárust 809 tilboð sem skiptust þannig. Tilboð í fjölbýlishúsaloðir 103 Tilboð í par/radhúsaloðir 215 Tilboð í einbýlishúsaloðir 491

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum sl. þriðjudag að taka tilboðum þar sem lagt er til grundvallar hæsta verð í samræmi við úthlutunar- og söluskilmála. Tilboðin

eru samþykkt með fyrirvara um að tilboðsgjafar uppfylli öll skilyrði um hæfi samkvæmt 5. tli. í úthlutunar- og söluskilmálum og 3. gr. úthlutunarreglna.

Bæjarráð samþykkti einnig að veita Almari Guðmundssyni bæjarstjóra umboð til að samþykkja tilboð í lóðir í þeim tilvikum sem tilboðsgjafar falla frá tilboðum sínum eða uppfylla ekki hæfisskilyrði. Skal þá lagt til grundvallar að taka tilboðum frá þeim aðilum sem næstir eru í röðinni hvað varðar tilboðsverð, enda séu uppfyllt skilyrði í úthlutunar- og söluskilmálum.

Vefmiðill Garðapóstsins kpg.is
Facebook.com/Gardaposturinn.is
Instagram.com/Gardaposturinn

davines
sustainable beauty

GEFÐU GJÖF SEM GLEÐUR

Þú finnur allar nánari upplýsingar um vörurnar frá Davines á bpro.is [/davinesiceland](https://Facebook.com/davinesiceland) [@davinesiceland](https://Instagram.com/davinesiceland) [#davinesiceland](https://Twitter.com/davinesiceland)

bylovisa.is

STILLA

NÝ SKARTGRIPALÍNA
VÆNTANLEG 1. DES

— by lovisa —

Viðbótarkostnaður vegna ársins 2023

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri kom á fund bæjarráðs sl. þriðjudag og gerði grein fyrir eftirfarandi viðauka nr. 2 við fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2023 vegna aukins viðbótarkostnaður sem ekki var gert ráð fyrir við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023.

Launahækkunir vegna áhrifa kjarasamninga á árinu 2023 nema um 650 m.kr.

Varasjóður gerði ráð fyrir 400 m.kr. Launahækkunir skv. breytingum á kjarasamningum á árinu 650.000.000. Fjármögnun: varasjóður -400.000.000 og útsvar -250.000.000

Aukin rekstrarkostnaður stofnana vegna viðgerða við rakaskemmdir 75.000.000

Viðbótarrekstrarkostnaður allra stofnana þar sem mygla hefur mælst er um 75 m.kr. um er að ræða ýmsar rekstrarvörur svo sem hreinlætisvörur, þrif og ýmsan smávægilegan búnað sem ekki er eignfærður.

Sjálfstætt starfandi skólar 160.000.000

Vegna kjarasamningsbreytinga á árinu og fjölgunar nemenda í Alþjóðaskólanum þarf að bæta við fjárhagsáætlun um 160 m.kr. Framlög til sjálfstætt starfandi skóla sem starfræktir eru í Garðabæ nema skv. fjárhagsáætlun 2023 1.755 m.kr.

Námsvistargjöld í sérskólum 64.000.000

Vegna samþykktu um fjölgun barna í Klettaskóla þarf að bæta við fjármagni. Á árinu 2023 bættust við sex börn frá Garðabæ í skólann.



Fristund í sérskólum 37.000.000

Vegna fjölgunar barna með stuðning í sérskólum á árinu þarf að bæta við fjármagni til að standa straum af auknum kostnaði. Einnig er fjölgun barna í sjálfstætt starfandi skólum sem eru í frístund.

Fleiri foreldrar hafa notið foreldragreiðslna á árinu en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. 32.000.000

Fjármögnun: Byggingarréttur -368.000.000

Purfa að bæta við 100 milljónir vegna snjómoksturs

Vegna mikils kostnaðar við snjómokstur og hálfuvarnir á fyrri hluta ársins þarf 100.000.000 að bæta við fjármagni til verkefnisins. Snjómokstur síðustu 5 ár hefur sveiflast frá því að vera frá 117 m.kr. til 215 m.kr.

Fjármagnsgjöld 600.000.000

Kostnaður vegna fjármagnsgjalda er um 600 m.kr. hærrí en áætlun gerir ráð fyrir-

vegna hærri verðbólgu en spár gerðu ráð fyrir.

Fjármögnun: Byggingarréttur -700.000.000

Framkvæmdir

Eignfærður framkvæmdakostnaður vegna endurbóta við skólahúsnæði 1.050.000.000

Framkvæmdakostnaður umfram 600 m.kr. viðhalds sem þegar var á áætlun er um 1.050.000.000 kr.

Miðgarður 55.000.000

Uppgjör vegna framkvæmda við Miðgarðs sbr. samkomulag lagt fram í bæjarráði 3.10.2023

Fjármögnun: Byggingarréttur 1.105.000.000

Bæjarráð samþykkti að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja eftirfarandi viðauka nr. 2 við fjárhagsáætlun 2023.

Gott Pálínuboð í 6. SGE



Síðastliðinn mánudag var haldið Pálínuboð hjá 6. SGE í Hofstaðaskóla. Þá velur hver og einn hvað skal koma með og setur á hlaðborð. Eins og sjá má á með-

fylgjandi myndum svignaði veisluborðið af hinum ýmsu kræsingum og átti bekkurinn og aðstandendur afar góða stund saman.



Jólavörur Hafsins eru komnar í verslanir okkar.

Humar, humarsúpa, síld, reyktur og grafinn lax ásamt graflax og piparrótarsósu


hafid.is

LÁTTU OKKUR SJÁ UM HEIMILISÞVOTTINN ÞINN

Hröð og vönduð þjónusta.
Persónuleg þjónusta og hagstætt verð.

OPNUNARTÍMI EFNALAUGAR GARÐABÆJAR

MÁN - FÖS: 8-18 • LAU: lokað



**EFNALAUG
GARÐABÆJAR**

EFNALAUG GARÐABÆJAR | GARÐATORGI 3 | GARÐABÆ | SÍMI 565 6680



AÐVENTUHÁTÍÐ GARÐABÆJAR
Á GARÐATORGI

GLEÐILEGA AÐVENTU

2. desember 2023 * Kl. 13.00–16.00



Tónlistardagskrá og markaður á Garðatorgi 1–4

Kl. 13.00–14.30

Einar og Bryndís
syngja inn jólarökkrið

Kl. 13.00–16.00

Aðventumarkaður.
Prjónles, kerti, skartgripir
og fleiri handgerðir hlutir

Kl. 11.00–16.00

Spennandi Pop-up
markaður

Kl. 13.00–16.00

Jólabasar Grósku
í Gróskusal



Skapandi smiðjur

Kl. 13.00–15.00

Snjókornasmiðja á
Hönnunarsafni Íslands

Kl. 13.00–15.00

Jólaföndur á Bókasafni
Garðabæjar



Og líka ...

Kl. 14.30

Barnakór Vídalínskirkju
syngur á Garðatorgi 7

Kl. 14.40–15.00

Jólaball með jólasveinum
á Garðatorgi 7

Kl. 15.00

Leikhópurinn Lotta
með jólasöngvasyrpu
á bókasafninu

Kl. 15.30

Blásarasveit Tónlistarskóla
Garðabæjar leikur við
stóra jólatréð



GARÐABÆR

Fögnum upphafi aðventu saman á Garðatorgi * Allir viðburðir eru ókeypis